

GJALDSKRÁ

fyrir afgreiðslu og þjónustu vegna bygginga og framkvæmda í Skaftárhreppi.

Byggingarleyfisgjald vegna nýbygginga: kr. 90.000

Greitt er fyrir afgreiðslu byggingarleyfis.

Innifalið er foheldisvottorð, lokaúttektarvottorð, lögboðnar úttektir byggingarfulltrúa, skráning eignar til FMR, yfirferð hönnunargagna.

Framkvæmdarleyfisgjald: kr. 30.000

Greitt er fyrir lögboðna meðferð framkvæmdarleyfiserinda og kostnað vegna undirbúnings, útgáfu leyfis og eftirlits.

Önnur afgreiðslu og þjónustugjöld:

1. Stöðuleyfi: kr. 10.000

Útgáfa stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o.þ.h. Sótt er um leyfið til skipulags- og byggingarnefndar.

Innifalið í gjaldi er eftirlit og úttekt byggingarfulltrúa. Endurnýjunargjald er það sama.

2. Skipulags- og byggingarfulltrúi, hvert vottorð eða kvaðning: kr. 10.000

Gjald sem greiðist fyrir hverja einstaka aukaúttekt eða komu skipulags- og byggingarfulltrúa á byggingarstað. Sama gjald greiðist fyrir vottorð sem byggingarfulltrúi gefur út, t.d. um byggingarstig, um staðbundin réttindi meistara, gerð stofnskjals (án mælinga), yfirferð eignaskiptayfirlýsinga o.þ.h.

3. Mælingagjald: kr. 30.000

Gjaldið er hugsað fyrir útsetningu á byggingarlinum, hæðarpunkti og innmælingu og skráningu byggingar í landupplýsingakerfi sveitarfélagsins.

4. Grunngjald: kr. 10.000

Umsýslugjald vegna hverskonar erinda, umsókna, og fyrirspurna til skipulags- og byggingarnefndar.

Gjaldskráin, sem sett er skv. lögum nr. 73/1997 með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi, breytist mánaðarlega samkvæmt byggingarvísitölu.

Grunnvísitala er byggingarvísitala í desember 2003, 287,2 stig.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps 30. desember 2003.

Kirkjubæjarklaustri, 14. september 2004.

Gunnsteinn R. Ómarsson sveitarstjóri.